



Dags. fundar: 27. apríl 2009	Tími: 19:30	Nr. fundar:
Fundarboðari: Guðmundur Jóhannesson	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Tíbrá, Selfoss.

Efni fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál, innheimta æfingagjalda, skilta o.fl.
3. Stöðuskýrsla þjálfara (ef þjálfari kemst)
4. Íþróttta- og útivistarskóli UMFS – sundskóli í sumar
5. Þýskalandsferð, skipulag og staða fjáröflunar
6. Aðalfundur UMFS
7. Búningamál
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

Viðstaddir: Guðmundur Jóhannesson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Steinunn Aradóttir

Boðuð forföll: Guðbjörg Edda Árnadóttir og Sigrún Sunna Skúladóttir.

Fjarverandi en boðaðir: Bryndís Ólafsdóttir og Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Þar sem gjaldkeri hafði boðuð forföll var ekki farið yfir fjármál deildarinnar en innheimta æfingagjalda út sundárið 2008-2009 er farin af stað.
3. Stöðuskýrsla þjálfara bíður næsta fundar þar sem þjálfarar sáu sér ekki fært að mæta á fund kvöldsins.
4. Sundskóli í sumar. Sú umræða bíður næsta fundar þar sem þjálfarar sáu sér ekki fært að mæta á fund kvöldsins. Á vegum UMFS er verið að skoða að virkja allar deildir innan félagsins til að krakkar þeir sem taka þátt í Íþróttta- og útivistarskóla UMFS fái að kynnst öllum íþróttgreininum. Þjálfarar sunddeildarinnar gera betur grein fyrir hlut sundsins í þeim skóla á næsta fundi.
5. Búið er að ganga frá greiðslu á fargjöldum í Þýskalandsferð elstu sundkrakkanna ásamt þjálfurum en farið verður 8. júní og komið heim 15. júní, flugleið, Keflavík-Kaupmannahöfn-München og síðan sama leið heim. Lítur út fyrir að fjáröflunin hafi skilað greiðslum fyrir flug, gistingu og bíl og verður áfram haldið með kökulottó a.m.k. fram í maí.
6. Aðalfundur UMFS verður 30. apríl n.k. Sunddeildin hefur undanfarin séð um að kræsingar séu á borðum fyrir fundargesti er nú þegar áætlað hvaða fjölskylda gerir hvað. Steinunn Aradóttir mun vera í sambandi við hópinn og skipuleggja einnig hverjar/hverjir verða á staðnum til að sjá um

uppvask og frágang. Sunddeildin á rétt á að tveir fulltrúar sitji fundinn og mun Guðmundur Jóhannesson formaður verða annar þeirra og mun hann einnig sjá um að fá annan fulltrúa með sér.

7. Sýnishorn af sundbolum og sundbuxum sem iðkendur munu geta keypt lá frammi á fundinum. Stjórnin lagði til hvað valið yrði, til að skapa heildarsvip, og mun Guðmundur kanna hvort hægt verði að máta fatnaðinn hjá Sportbæ, hugsanlega í vikunni 11.-15. maí. Einnig verður hægt að máta boli og stuttbuxur á sama stað og tíma. Endanlegt verð er ekki komið í fatnaðinn en iðkendur verða látnir vita af mátunartíma og verði eins fljótt og auðið er. Mælst er til þess að þeir krakkar innan deildarinnar sem fara á mót eignist settið svo heildarsvipur myndist á liðinu í keppni.
8. Önnur mál:
 - Aldursflokkamót HSK verður laugardaginn 2. maí á Hvolsvelli og hefst mótið kl. 10:00, upphitun kl. 9:15. Ekki hefur enn verið gengið frá lokaskráningum á mótið svo enn er ekki vitað hvaða foreldrar verða á staðnum en foreldra mun vanta í tímatöku og fleiri störf.
 - Pokabrot var ákveðið mánudaginn 4. maí og flöskusöfnun í framhaldi af því, laugardaginn 9. maí.
 - Ákveðið var að panta rútu þegar deildin fer á sýninguna Söngvaseiður í Borgarleikhúsinu fimmtudaginn 7. maí. Einnig var ákveðið að hver fjölskylda verði að sjá um næringu fyrir sig þar sem sýningin með öllu er áætluð frá 20:00-22:00 og skóladaður morgni.
 - Grillveisla og lokahóf verður 27. maí n.k. Nánari útfærsla ákveðin á næsta fundi.
 - Vangaveltur voru uppi um þátttöku sundmanna á Landsmóti UMFÍ sem fer fram á Akureyri 9.-12. júlí í sumar. Þeir sundmenn sem tækju þar þátt myndu keppa undir merkjum HSK og vera af því svæði, þ.e. iðkendur úr félögunum Hamri Hveragerði, Dímon á Hvolsvelli og síðan frá Sunddeild UMFS. Guðmundur mun kanna stöðuna hjá HSK.
9. Næsti fundur verður mánudaginn 25. maí kl. 19:30 í Tíbrá

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Raða í vinnu á aðalfundi UMFS 20. apríl	SA	28.-30.apríl
Tala við Endurvinnslu vegna flöskusöfnunar 9..maí	GJ	Fljótlega
Útvega poka f. flöskusöfnun	GJ	Í maí
Hafa samband við HSK vegna UMFÍ móts á Akureyri	GJ	Í maí

Fylgiskjöl: Engin

Fundi slitið kl: 21:15

Næsti fundur: 25 maí 2009.